



Minnisblað – Umsögn

Málsnúmer: 2110035 *Dags:* 25.10.2021 *Fjöldi bls.* 1
Viðtakandi: Bæjarráð Fjallabyggðar
Dreifing: Þeir er málið varðar
Samið af: Elías Pétursson

Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2012 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Á 714. fundi bæjarstjórnar óskaði bæjarráð umsagnar bæjarstjóra með eftirfarandi bókun.

Lagt fram bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 6. október 2021. Efni bréfsins er að kynna drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir umsögn bæjarstjóra og deildarstjóra stjórn-sýslu- og fjármála um fyrirhugaða breytingu og áhrif hennar á framlög sjóðsins til Fjallabyggðar.

Undirritaður setti sig í samband við starfsfólk sjóðsins og byggist umsögnin á upplýsingum sem þar fengust.

Í stuttu máli þá er verið að leggja til að lokaskrefinu við útreikninga tekjujöfnunarframlaga verði breytt. Sveitarfélag reiknast með tekjujöfnunarframlög ef hámarkstekjur eru lægri en allt að 97% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Heildarframlagið er 1.250 m.kr. og í núverandi aðferð er hlutfallið af meðaltekjum lækkað til að stemma af fjármagn til ráðstöfunar. Fyrir árið 2020 var hlutfallið 94,33% af meðaltekjum.

Lagt er til að í stað þess að lækka hlutfallið er það sett í 97% og svo er reiknaður mismunur hjá þeim sveitarfélögum sem eru undir 97% af meðaltekjum. Síðan er fjármagn til ráðstöfunar aðlagð með hlutfallsreikning. Sem dæmi ef heildarmismunur allra sveitarfélaga er 3 ma.kr. og tiltekið sveitarfélag er með 300 m.kr. í mismun þá fær það sveitarfélag 10% af heildarframlaginu, sem er um 125 m.kr.

Áhrifin eru að fleiri sveitarfélög fá framlög og það verður meiri jöfnun á framlögum milli sveitarfélaga.

Hvað varðar Fjallabyggð þá hefur breytingin engin áhrif af því að hámarstekjur í Fjallabyggð hafa verið yfir meðaltekjum. Ef hins vegar tekjurnar hjá Fjallabyggð verða einhvern tímann 97% af meðaltekjum þá myndi Fjallabyggð fá framlag. Í núverandi fyrirkomulagi þyrftu tekjur Fjallabyggð að fara niður í 94,33% af meðaltekjum til að geta reiknast með framlag.

virðingarfyllt

bæjarstjóri